

Mánudaginn 15. nóvembermán.

Nr. 18/1886

Hjörleifur Einarsson
vegna Undirfellsprestakalls
gegn

Jónasi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki milli jarðanna Undirfells og Bakka í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Bar því að fara með það eptir landamerkjalögum 17. marz 1882; samkvæmt þeim skulu í dómi sitja og fjalla um málið sýslumaður og 4 dómsmenn, og hafi einhver dómsmanna lögleg forföll, skal sýslumaður kveðja annan mann í hans stað, sjá 7., 9. og 11. grein nýnefndra laga.

Þessa hefur ekki verið gætt, þar sem sýslumaður einn hefur setið merkjadóminn 8. júní f. á., 12. júní sýslumaður og 3 dómsmenn, og 15. júní sýslumaður og 2 dómsmenn. Hlýtur þetta því að valda ómerking hins áfrýjanda dóms og heimvísun málsins.

Málkostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, — en áfrýjanda er veitt gjafsókn fyrir yfirdómi, — sem skulu ákveðin 15 krónur, að greiðast af almannaþje.

Að því málið hefur verið sótt fyrir yfirdómi með gjafsókn vottast, að flutningur þess hefur verið lög-mætur.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjandi merkjadómur á að vera ómerk-

ur, og visast málinu aptur heim í hjerað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður, og málflyttingslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, setts málaflutningsmanns Guðlaugs Guðmundssonar, 15 krónur, greiddist af almannafje.

Mánudaginn 6. desembermán.

Nr. 26/1886

Rjettvísinn

gegn

Sigurði Vigfússyni og
Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Norður-Múlasýslu, upp kveðnum 1. júlímán. þ. á., eru hinir ákærðu, Sigurður Vigfússon og Jón Jónsson, dæmdir hvor um sig í 4×5 daga fangelsi við vatn og braud samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869 230. gr., samanborinni við 58. gr. sömu laga og við 48. gr., að því er Jón Jónsson snertir, svo og til þess að lúka in solidum iðgjöld til Einars Hinrikssonar 60 kr. Um málskostnað er ekki ákveðið í dómsniðurlaginu, en eptir dómsforsendunum eiga hinir ákærðu að greiða hann in solidum, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði til Sigmundar Matthíassonar 4 kr. Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, að þeir hafi í vetur er leið margsinns farið í kjallara undir húsi húsbónda þeirra, Einars Hin-